

Nð.

163. Tillaga

til þingsályktunar um aukning ullariðnaðar í landinu.

Flutningsmaður: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að beita sjer fyrir því sem einu hinu helsta þjóðþrifamáli, að ullariðnaður í verksmiðjum verði aukinn og bættur, eftir því sem nnt er og sem allra fyrst, og að stjórnin stuðli þannig að því, að alþjóð manna geti notað ull sína til klæðagerðar og losi sig með því sem mest við hin óbærilegu kaup á útlendum fatnaði.

Ástæður.

Það liggur í augum uppi, hver þörf væri á að koma ullariðnaðinum í það horf, að landsmenn gætu unnið úr ull sinni eftir tókum og þörfum og klætt sig sjálfir. Við það yrði ullarmarkaðurinn eðlilegur og tryggilegur, í stað þess handahófs, sem nú er við að búa við sölu á ullinni, eins og hún flyst nú að mestu leyti óunnin út úr landinu. — En það, sem mestu skiftir, er auðvitað það, að með innlendri ullarvinnu í stórum stíl mætti afstýra því, að landsmenn eyddu árlega fje svo miljónum króna skiftir fyrir útlendan fatnað, sem nú er orðinn svo dýr, að úr öllu hófi keyrir. — Myndi kostnaður við þennan iðnrekstur aldrei verða meiri en svo, að landsmönnum hlyti að sparast ógrynni fjár, jafnframt því, sem ullariðnaði viðs vegar um landið yrði komið í gott horf, auk þess þjóðarhags og þjóðarmetnaðar, er að öðru leyti liggur hjer við.

Ekki er að gera ráð fyrir, að hjer yrði um aðra aðferð að ræða en verksmiðjuíðnað; óhugsandi að heimilisiðnaður geti fullnægt slikum þörfum, eins og nú er ástatt um fólksald o. fl. Ullarvinnuvjelar þær, sem nú eru til í landinu, munu svara góðum arði þessi síðustu árin, en anna hverfandi litlu af hinu mikla verkefni, sem er fyrir hendi. Í flestóllum hjeruðum landsins er vatnsafl nóg til þessa iðnrekstrar, og í öllum sveitum meira en nóg ull til allra fata, og víðast að miklum mun aflögu, svo að aðstaðan er ágæt.

Með þessari tillögu er það aðaltilgangurinn, að stjórnin með eigin ráði eða í samráði við Búnaðarfelag Íslands veki þjóðina til starfa við þetta verkefni, bendi á heppilegustu leiðir til framkvæmdanna og veiti tilstyrk sinn til þess, að hjer geti eitthvað áunnist, og það sem allra fyrst.